



Hvammstanga 1. mars 2006

Alþingi

Erindi nr. P 132/1161

komudagur 6. 3. 2006

Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Málefni: Frumvarp til laga um grunnskóla, 447.mál, sjálfstætt reknir grunnskólar og fl.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 14. febrúar sl., var frumvarp til laga um grunnskóla. 447. mál, tekið til umsagnar og eftirfarandi bókun gerð:

Stjórn SSNV mælir i grundvallaratriðum með samþykkt frumvarpsins með nokkrum áherslubreytingum þó. Einkaskólar (sjálfstætt starfandi skólar) 23.gr. þar er menntamálaráðherra heimilt að viðurkenna einkaskóla að fengnu samþykki sveitarfélagsins. Þarna vantar inn að sveitarfélag geti mögulega bakkað út eða a.m.k. átta sig á því hvernig það eigi að gerast. Á sama hátt kemur ekki fram á hvaða forsendum sveitarfélög geta hafnað því að viðurkenna einkaskóla.

Í 2. mgr. 23.gr. greinar er einnig skyldað að sveitarfélög eigi að greiða framlag til ofnagreindra skóla samkvæmt ákveðnum reglum. Að mati stjórnar SSNV er þarna gengið á sjálfákvörðunarrétt sveitarfélaga til að ákveða hvort einkaskólar skuli styrktir af sveitarfélagi eða ekki. Eðlilegra væri að ef sveitarstjórnir væru samþykkar því að styrkja einkaskóla innan sins sveitarfélags að þá sé þeim heimilt að semja um það við viðkomandi fyrirtæki eða stofnun en ekki skyldað til þess eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Stjórn SSNV vill einnig benda á að ekki liggur fyrir kostnaðarmat fyrir sveitarfélögin vegna þessa lagafrumvarps og einnig vill stjórnin benda á að nauðsynlegt sé að fara yfir textann í lok yfirferðar fjármálaráðuneytisins þar sem fram kemur að menntamálaráðuneytið telur að kostnaðarauki sveitarfélaga sé óverulegur og að forsendur fyrir að meta kostnað vegna aukinna krafna við skólaakstur sé ekki hægt að meta fyrir en reglugerð liggur fyrir. Sama ætti að gilda um reglugerð um skólahúsnæði, aðstöðu og lóð sem að framan greinir.

Stjórnin vill að auki benda á að 10. þrepa samkomulag menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um áframhaldandi þróun skólastarfs framhaldsskóla, grunnskóla og leikskóla virðist ekki hafa verið borið undir sveitarfélögin sem þó reka grunn- og leikskóla og klárlega eru sveitarfélögin ekki aðilar að því samkomulagi.

Þetta tilkynnist hér með.

Með vinsemd og virðingu,

Jakob Magnússon, framkvæmdastjóri SSNV